

# Goðamót Þórs 2017



Mikilvægar upplýsingar fyrir þátttakendur, fararstjóra, liðsstjóra, foreldra...

**Greiðsla þáttökugjald og mótsarmbönd** - Liðsstjórar/fararstjórar komi til mótsstjóra eða gjaldkera á föstudegi og gangi frá greiðslu (ef það hefur ekki þegar verið gert með millifærslu) og fái armbönd fyrir sitt lið (eða öll liðin frá félaginu). Gjaldkerinn verður á vaktinni eftir hádegi á föstudag og mótsstjórinn á svæðinu fram á kvöld.

**Ís í Ísgerðinni í Kaupangi** – Liðum er frjálst að fara á eigin vegum á laugardag, utan þess tíma sem rútan gengur, í Ísgerðina í Kaupangi (opið kl. 12-23) til að þiggja ísinn sem innifalinn er í mótsgjaldinu í stað þess að festa sig við fyrirfram ákveðinn tíma í rútuferðinni. Sett hefur verið upp tímaplan fyrir þau lið sem ætla að nýta sér rútuferðina.

**Leikjadagskrá og tímaskipulag** – Annars vegar hefur verið útbúin leikjadagskrá með tímasetningum og hins vegar hefur verið gert tímaplan fyrir matartíma, sund og ísferðir. Liðsstjórar eru beðnir um að virða þessar tímasetningar til að allt gangi vel fyrir sig og biðraðir verði styttri.

**Nýtt gervigras** – Athygli keppenda er vakin á því að **stranglega er bannað að fara með matvæli og neyta þeirra inni á gervigrasinu**. Nú er komið nýtt gervigras á völlinn og við viljum vernda það sem best við getum og því aðeins leyft að taka með vatn til drykkjar í leikina. Önnur neysla fari fram utan vallarins, en liðin eru að sjálfsögðu velkomin í Hamar, félagsheimili Þórs, með nestið sitt.

**Hástökks- og stangarstökkisdýnur** eru **ekki** leiksvæði. Vinsamlega haldið börnunum frá dýnunum, m.a. vegna slyshættu.

**Bílastæði** – Vakin er athygli á að bílastæði eru við báða enda Bogans. Mikilvægt er að bílstjórar vandi sig við lagningu bíla, sérstaklega á laugardag þegar í gangi eru rútuferðir frá Hamri í Ísgerðina. Þá þarf greiða leið fyrir stóra rútu inn á bílastæðið og út af því aftur.

**Mótsgjöf frá Goða** – Allir keppendur fá gjöf frá Goða. Liðsstjórar eða fararstjórar félaga geta sótt gjafirnar til mótsstjórnar í Hamri á sunnudagsmorguninn, annað hvort fyrir sitt lið eða allt félagið.

**Verðlaun** eru fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri deild. Sigurliðið fær bikar og liðsmenn þriggja efstu liða fá verðlaunapening. Verðlaunaafhending fer fram við stóru Goðaborðana á miðjum vellinum jafnóðum og keppni lýkur í hverri deild.

**Liðsmyndatökur** eru í boði á laugardagsmorguninn og á sunnudag í kringum verðlaunaafhendingu. Allar liðsmyndir fara inn á Facebook-síðu mótsins.

**Veitingasala** er í Hamri, félagsheimili Þórs, þar sem meðal annars má fá hina vinsælu Goða-kjötsúpu.